

## Tölustafaspilið – borðspil fyrir 2-4 spilara

Sjá myndir á næstu blaðsíðu

### Efni:

- Hlið úr pappakassa eða annar harður pappi í stærð A2
- Litað karton í stærð A2
- Hvítir ferningar sem eru spilareitir (gerðir í tölvu í stærð 2,5x2,5 cm 55-60 reitir)
- Byrja og Enda reitir hafðir aðeins stærri en hinir reitirnir
- Reitir í stærðinni 5x7 cm (inn í hvern reit er settur tölustafur frá 1-10 og prentað út í 10 eintökum)
- Lím
- Skæri
- Bókaplast
- Plöstanarvél og plast í hana

### Aðferð:

- Klippa pappann og líma kartonpappírinn ofan á
- Gera reitina í tölvu, prenta út, klippa og líma jafnt yfir allt spjaldið frá Byrja reitnum að Enda reitnum. Á spjaldið fara tveir umgangar af tölustöfunum, hinir eru plastaðir í plöstanarvél, klipptir til og notaðir í spilin.


### Spilið:

- Allir byrja á Byrja reitnum, kasta teningi og færa sinn spilakarl áfram jafnmarga reiti. Ef lent er á tölustaf á að finna sama tölustafinn úr bunkanum sem fór í plöstanarvélina. Þegar spilinu lýkur er upplagt að skoða hvaða tölustafi hver fékk og hvort t.d. voru tveir af einhverjum, hvort og þá hvaða tölustafi vantaði, er hægt að raða frá 1-10 með því sem safnaðist o.s.frv.


### Ath:

- Þessi útgáfa er hugsuð fyrir þriggja og fjögurra ára. Ef spilið er gert fyrir elstu börnin er upplagt að hafa tölustafina minni og fleiri af hverjum á spjaldinu. Þá gæti verið sniðugt að hafa nokkra reiti með teningi á sem þýðir að gera aftur og t.d. reiti með mynd af hendi sem þýðir bíða eina umferð.






spilaborðið



lausu tölustafirnir sem á að safna á leiðinni



spilað í fyrsta sinn af þeim sem fékk að velja nafnið á spilinu ☺



þessu söfnuðu tveir spilarar